



## SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279  
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

Alþingi – nefndasvið  
b.t. fjárlaganefndar  
Austurstræti 8-10  
101 REYKJAVÍK

Reykjanesbær 15. október 2020

### Efni: Umsögn um fjárlög 2021, 1. mál.

Þann 19. júní 2019 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um stöðu sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Með þingsályktuninni var ríkisstjórninni falið að skipa starfshóp fulltrúa sveitarfélaga á Suðurnesjum og fimm sérfræðinga úr forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti (nú félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti) til að vinna tímasetta aðgerðaáætlun um hvernig efla megi þjónustu ríkisins við íbúa á Suðurnesjum og mæta mikilli fólksfjölgun á svæðinu.

Í framhaldi af undirbúningsvinnu ráðuneytisins og með hliðsjón af ályktun Alþingis skipaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, í ágúst 2019, starfshóp til að vinna að framgangi verkefnisins og vera um leið formlegt samráðsteymi með vísan til byggðaáætlunar.

Starfshópurinn skilaði af sér niðurstöðu í maí á þessu ári í formi aðgerðaráætlun en þar segir m.a.

**„Lagt er til að viðkomandi fagráðuneyti skoði og meti nánar fjárframlög til einstakra stofnana á Suðurnesjum við fjárlagagerð 2021 og vinnslu fjármálaáætlunar yfirstandandi árs. Þannig verði strax hægt að greina úrbótatækifæri af hálfu ríkisvaldsins m.a. í formi hærri fjárveitinga sem taki mið af íbúavexti og umfram allt hlutlægu mati á þjónustuþörf“.**

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum ítrekar þessa niðurstöðu og hvetur fjárlaganefnd til þess að hafa hana að leiðarljósi við gerð fjárlaga 2021.

Á 44. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sem haldinn var 10. október s.l. var ályktun um stöðu Suðurnesjanna vegna Covid 19 samþykkt en í henni ríkisvaldið hvatt til að ráðast í aðgerðir til hjálpar einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum á Suðurnesjum en Suðurnes hafa orðið hvað harðast úti í kjölfar sóttvarnaraðgerða vegna Covid 19.

Íbúum á Suðurnesjum hefur fjölgað mikið á árunum 2013-2020 eða um 31,2% sem er samtals 6.623 íbúar. Á sama tímabili fjölgaði landsmönnum um 13% eða 42.277 íbúa. Auðvelt er að færa rök fyrir því að aukin umsvif á Keflavíkurflugvelli hafi verið stór áhrifavaldur í fjölgun íbúa á þessum árum.

Umsvif atvinnugreina frá einu tímabili til annars gefa vísbendingar um þróun efnahagsmála á einstökum svæðum. Árið 2012 voru ferðaþjónusta, verslun, veitingar og samgöngur um 28% af umsvifum atvinnugreina á Suðurnesjum en árið 2017 var hlutfallið komið í 43%.



## SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279  
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

Allt frá falli Wow air hefur samdráttur verið í umsvifum í kringum Keflavíkurflugvöll en 11 mánuðum eftir fall Wow air beið annað og stærra verkefni, Covid 19 sem varð þess valdandi að flugfarþegum um Keflavíkurflugvöll fækkaði um 73,2% á milli árunna 2019-2020.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun var atvinnuleysi á landsvísu 8,1% í septembermánuði. Á Suðurnesjum er staðan alvarlegri en atvinnuleysi í september var 18%. Í hópi atvinnuleitenda eru 47% konur, 66% atvinnulausra eru yngri en 40 ára og 54% eru með erlent ríkisfang. Í september voru um 4000 einstaklingar á Suðurnesjum á skrá hjá Vinnumálastofnun en vinnumarkaðurinn á Suðurnesjum telur 13.714 einstaklinga.

Sveitarfélög á Suðurnesjum hafa orðið fyrir miklu tekjutapi en á sama tíma hefur þörf á þjónustu aukist verulega umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlunum. Áætluð fjárhagsleg heildaráhrif á sveitarfélög á Suðurnesjum á tímabilinu febrúar-ágúst 2020 eru um 1,6 mkr.

Fundurinn lagði einnig til að sérstakt framlag komi inn í Jöfnunarsjóð til að vega upp á móti mikilli skerðingu framlaga. Lögð er áhersla á að slík mótvægisáðgerð fari til þeirra sveitarfélaga sem mest þurfa á henni að halda en ekki dreift t.d. samkvæmt höfðatölu.

Á fjárlögum ársins 2021 er gert ráð fyrir því að framlög til Sóknaráætlana landshlutanna skerðist. S.S.S. vekur athygli á því að Sóknaráætlun og Uppbyggingarsjóður hafa aldrei verið mikilvægari en einmitt nú og hvetur til þess að framlög til Sóknaráætlana verði aukin.

Í viðhengi á umsögn þessari er að finna tengil á aðgerðaráætlun fyrir Suðurnes sem og samþykkt ályktun frá aðalfundi S.S.S.

Virðingarfyllt,

f.h. Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

Berglind Kristinsdóttir  
frákvæmdastjóri



## Ályktun um stöðu Suðurnesja vegna Covid 19

*Ályktun lögð fram á 44. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.*

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn 10. október 2020 hvetur ríkisvaldið til að ráðast í aðgerðir til hjálpar einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum á Suðurnesjum en Suðurnes hafa orðið hvað harðast úti í kjölfar sóttvarnaaðgerða vegna Covid 19.

Íbúum á Suðurnesjum hefur fjölgað mikið á árunum 2013-2020 eða um 31,2% sem er samtals 6.623 íbúar. Á sama tímabili fjölgaði landsmönnum um 13% eða 42.277 íbúa. Auðvelt er að færa rök fyrir því að aukin umsvif á Keflavíkurflugvelli hafi verið stór áhrifavaldur í fjölgun íbúa á þessum árum.

Umsvif atvinnugreina frá einu tímabili til annars gefa vísbendingar um þróun efnahagsmála á einstökum svæðum. Árið 2012 voru ferðaþjónusta, verslun, veitingar og samgöngur um 28% af umsvifum atvinnugreina á Suðurnesjum en árið 2017 var hlutfallið komið í 43%.

Allt frá falli Wow air hefur samdráttur verið í umsvifum í kringum Keflavíkurflugvöll en 11 mánuðum eftir fall Wow air beið annað og stærra verkefni, Covid 19 sem varð þess valdandi að flugfarþegum um Keflavíkurflugvöll fækkaði um 73,2% á milli áruna 2019-2020.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun var atvinnuleysi á landsvísu 8,1% í septembermánuði. Á Suðurnesjum er staðan alvarlegri en atvinnuleysi í september var 18%. Í hópi atvinnuleitenda eru 47% konur, 66% atvinnulausra eru yngri en 40 ára og 54% eru með erlent ríkisfang. Í september voru um 4000 einstaklingar á Suðurnesjum á skrá hjá Vinnumálastofnun en vinnumarkaðurinn á Suðurnesjum telur 13.714 einstaklinga.

Sveitarfélög á Suðurnesjum hafa orðið fyrir miklu tekjutapi en á sama tíma hefur þörf á þjónustu aukist verulega umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlunum. Áætluð fjárhagsleg heildaráhrif á sveitarfélög á Suðurnesjum á tímabilinu febrúar-ágúst 2020 eru um 1,6 mkr. Lagt er til að sérstakt framlag komi í Jöfnunarsjóð til að veita upp á móti mikilli skerðingu framlaga. Lögð er áhersla á að slík mótvægisáðgerð fari til þeirra sveitarfélaga sem mest þurfa á henni að halda en ekki dreift t.d. samkvæmt höfðatölu.

Sveitarstjórnarfolk á Suðurnesjum lýsir yfir miklum áhyggjum af stöðu atvinnumála á Suðurnesjum og hvetur ríkisvaldið til að fara í framkvæmdir á Suðurnesjum með það að markmiði að skapa atvinnu fyrir fjölda Suðurnesjamanna sem misst hafa vinnuna.

Fundurinn leggur til að unnið verði að fjármögnum verkefna á Suðurnesjum sem hægt er að fara í með litlum fyrirvara t.d. skipaklasa á Suðurnesjum. Skipaþjónustuklasi getur tiltölulega fljótt skapað á annað hundrað störf og fært samfélaginu umtalsverðar tekjur til framtíðar. Bein vinna í hinni nýju kví kallar á 70-80 heilsársstörf auk óbeinna starfa. Varlega áætlað er gert ráð fyrir að verkefni sem tengjast kvínni fyrst um sinn skapi þannig um 120 störf. Ekki er óraunhæft að ætla að á fáum árum gæti orðið til í Njarðvík þekkingarklasi í viðhaldi og þjónustu við skip sem teldi um 250 - 350 bein og óbein störf.

Mikilvægt er að styðja við nýsköpun á svæðinu með því að auka framlög til Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sem sinnir atvinnuráðgjöf, þróun- og nýsköpun og fræðslu í gegnum Hekluna – atvinnuþróunarfélag Suðurnesja. Uppbyggingarsjóður Suðurnesja hefur gegnt lykhillutverki í úthlutun styrkja til nýsköpunar og menningarmála á Suðurnesjum í gegnum tíðina, hann hefur aldrei verið mikilvægari en nú og því er lagt til að framlög í hann verði aukin.

Það eru fjölmörg atvinnuskapandi verkefni sem hægt er að ráðast í með litlum fyrirvara og mikilvægt að allir rói samtaka til að lágmarka skaðann.